

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 53/2001

frá 30. mars 2001

um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2001 frá 23. febrúar 2001⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1225/1999 frá 27. maí 1999 um skilgreiningar á breytum í hagskýrslum um tryggingastarfsemi⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1227/1999 frá 28. maí 1999 um tæknilegt snið til nota við afhendingu á hagskýrslum um tryggingastarfsemi⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1228/1999 frá 28. maí 1999 um raðir gagna sem taka skal saman fyrir hagskýrslur um tryggingastarfsemi⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir komi aftan við lið 1d (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1618/1999) í XXI. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 117, 26.4.2001, bls. 33 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 22, 26.4.2001, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 154, 19.6.1999, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 154, 19.6.1999, bls. 75.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 154, 19.6.1999, bls. 91.

- „1e. **399 R 1225:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1225/1999 frá 27. maí 1999 um skilgreiningar á breytum í hagskýrslum um tryggingastarfsemi (Stjtið. EB L 154, 19.6.1999, bls. 1).
- 1f. **399 R 1227:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1227/1999 frá 28. maí 1999 um tæknilegt snið til nota við afhendingu á hagskýrslum um tryggingastarfsemi (Stjtið. EB L 154, 19.6.1999, bls. 75).
- 1g. **399 R 1228:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1228/1999 frá 28. maí 1999 um raðir gagna sem taka skal saman fyrir hagskýrslur um tryggingastarfsemi (Stjtið. EB L 154, 19.6.1999, bls. 91).“

2. gr.

Texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1225/1999, 1227/1999 og 1228/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 31. mars 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. mars 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

P. Westerlund

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

P.K. Mannes M. Brinkmann